

AUGLÝSING

um friðlýsingu Grafarvogs innan Gullinbrúar

1. gr.

Um friðlýsinguna

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra hefur ákveðið, að tillögu Náttúruverndarstofnunar og með samþykki Reykjavíkurborgar, að friðlýsa Grafarvog, innan Gullinbrúar, sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Náttúrufræðistofnun hefur metið verndargildi hins friðlýsta svæðis, sem liggur innan Reykjavíkur. Grafarvogur hefur hátt verndargildi sem felst einkum í leirum sem eru mikilvægur viðkomustaður farfugla. Þá er umhverfi Grafarvogs vinsælt útivistarsvæði

Grafarvogur í heild sinni flokkast sem leirulón, en þau einkennast af tiltölulega víðáttumiklum leirum sem þorna upp að mestu þegar lágsjávað er. Sjávarföll eru gjarnan mikil og dýpi lítið. Grunnir árfarvegir og álar eru þó undir ferskvatni á fjöru en fyllast af sjó á flóði. Það á við um Grafarvoginn þar sem Grafarlækur fellur í austurbotn vogarins sem og ónefndur lækur í suðausturhluta vogsins. Á háfjöru eru árfarvegirnir vel sýnilegir langt vestur með veginum.

Friðlýsingin samræmist markmiði 2. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum.

Við ákvörðun um friðlýsingu var m.a. höfð hliðsjón af samningi Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (Rio de Janeiro 1992, sbr. Stjórnartíðindi C 11/1995), samningnum um vernd villtra plantna og dýra og lífsvæða í Evrópu (Bern 1979, sbr. Stjórnartíðindi C 17/1993), samþykkt um votlendi sem hafa alþjóðlegt gildi, einkum fyrir fuglalíf (Ramsar 1971, sbr. Stjórnartíðindi C 1/1978) og rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (sbr. Stjórnartíðindi C 14/1993 og 39/1993).

Hið friðlýsta svæði er **0,416** km² að stærð.

2. gr.

Markmið friðlýsingarinnar.

Markmið friðlýsingar svæðisins er að viðhalda og vernda til framtíðar náttúrulegt ástand mikilvægs búsvæðis fugla og sjávarhryggleysingja auk líffræðilegrar fjölbreytni þannig að það fái að þróast samkvæmt náttúrulegum lögmálum og á eigin forsendum. Friðlýsingin miðar einnig að því að treysta útvistar-, rannsókn- og fræðslugildi svæðisins.

3. gr.

Mörk friðlandsins.

Mörk friðlandsins eru sýnd á korti meðfylgjandi auglýsingu í viðauka I en nánari landupplýsingar, m.a. hnit, má nálgast hjá Náttúruverndarstofnun. Friðlýsingin nær til landsvæðis og sjávarsvæðis, þ.m.t. fjöru, hafsbots, lífríkis og vatnsbols.

4. gr.

Umsjón með friðlandinu.

Náttúruverndarstofnun hefur umsjón með friðlandinu í samræmi við 2. mgr. 13. gr. og 79. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Náttúruverndarstofnun er heimilt, að höfðu samráði við landeigendur og Reykjavíkurborg að gera umsjónarsamning um friðlandið, sbr. 1. mgr. 85. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Nánar skal fjallað um umsjón friðlandsins í stjórnunar- og verndaráætlun.

5. gr.

Stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúruverndarstofnun ber ábyrgð á gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir friðlandið í samvinnu við Reykjavíkurborg, Náttúrufræðistofnun og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila, sbr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Í stjórnunar- og verndaráætlun skal m.a. fjalla um umsjón svæðisins, verndaraðgerðir, aðgerðir til að bregðast við framandi og/eða ágengum tegundum, rannsóknir og vöktun, fræðslu, landnotkun, fráveitu, nýttjar, umferð um svæðið, þ.m.t. umferð ríðandi, hjólandi, umferð vatnatækja og notkun dróna sem og aðgengi gesta, þar með talið aðgengi fólks með fötlun.

Heimilt er að setja ítarlegri reglur í stjórnunar- og verndaráætlun. Stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið er háð staðfestingu ráðherra, sbr. 3. mgr. 81. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

6. gr.

Umferð um friðlandið.

Almenningi er heimil för um friðlandið en er skylt að ganga vel og snyrtilega um svæðið og fylgja þeim reglum sem gilda innan þess. Fordast skal að valda öðrum óþægindum eða truflun með hávaða. Gestir skulu ætíð sýna aðgát gagnvart dýralífi og náttúrufari á svæðinu. Sérstakrar aðgátar er þörf á varptíma fugla.

Óheimilt er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega, sbr. þó undanþágur 31. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Notkun vélknúinna vatnatækja (s.s. sjókatta, sæþota o.þ.h.) er óheimil innan friðlandsins, nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar, að undanskildum leitar- og björgunaraðgerðum.

Hundar skulu hafðir í taumi innan friðlandsins, að undanskildum leitar og björgunarhundum að störfum. Þess skal gætt að hundar og önnur gæludýr valdi ekki truflun á lífríki svæðisins, skemmdum á náttúru eða valdi gestum ónæði. Umráðamönnum er skylt að fjarlægja úrgang frá gæludýrum á svæðinu.

Flug fjarstýrðra loftfara (dróna) er óheimilt í friðlandinu á varptíma og fartíma, nema að fengnu leyfi Náttúruverndarstofnunar. Undanskilin er notkun fjarstýrðra loftfara vegna almannahagsmuna og leitar- og björgunaraðgerða. Að öðru leyti skal farið með notkun ómannaðra loftfara (dróna) samkvæmt reglugerð nr. 1360/2024 um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Varptími og fartími skal skilgreindur í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

Nánar skal fjallað um umferð, m.a. umferð gangandi, ríðandi, hjólandi, akandi og umferð um vötn, í stjórnunar- og verndaráætlun.

7. gr.

Umgengi um friðlandið.

Óheimilt er að skilja eftir eða urða úrgang innan friðlandsins og skal allur úrgangur tekinn með út af svæðinu.

Öll meðferð elds er óheimil á svæðinu.

8. gr.

Rannsóknir og vöktun.

Náttúrufræðistofnun Íslands ber ábyrgð á vöktun lífríkis í friðlandinu í samræmi við 74. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Vöktunaráætlun skal vera unnin í samráði við Umhverfisstofnun og vera hluti stjórnunar- og verndaráætlunar. Skýrslur um niðurstöður rannsókna og vöktunar skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun.

Aðrar rannsóknir en rannsóknir Náttúrufræðistofnunar Íslands og lögbundnar rannsóknir fagstofnana sem kunna að hafa í för með sér jarðrask eða truflun dýralífs eru háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Niðurstöður rannsókna skulu vera aðgengilegar Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun Íslands.

Veiting leyfa vegna rannsókna á menningarminjum fer eftir lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Nánar skal kveðið á um rannsóknir og vöktun í stjórnunar- og verndaráætlun.

9. gr.

Fræðsla.

Náttúruverndarstofnun, í samráði Reykjavíkurborg, hefur umsjón með gerð fræðsluefnis um friðlandið. Þar skulu meðal annars koma fram upplýsingar um verndargildi og sérstöðu svæðisins og þær umgengnisreglur sem þar gilda.

Nánar skal kveðið á um fræðslu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlandið.

10. gr.

Verndun dýralífs, gróðurs og jarðminja

Vernda skal lífríki friðlandsins, líffræðilega fjölbreytni þess og vistkerfi.

Óheimilt er að trufla dýralíf og/eða raska gróðri, hvort heldur er á landi, í fjöru, í sjó eða á hafsbotni.

Óheimilt er að sleppa, dreifa eða rækta framandi og/eða ágengar lífverur í friðlandinu, þ.m.t. að rækta framandi plöntutegundir innan marka þess, sbr. reglugerð nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda og lög nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Eldi sjávardýra innan friðlandsins er óheimilt.

Unnið skal að því, eftir því sem kostur er, að fjarlægja framandi tegundir sem hafa verið fluttar inn á svæðið eða berast inn á það og ógnað geta innlendum vistkerfum, búsvæðum eða tegundum friðlandsins.

Allt rask á jarðminjum er óheimilt nema með sérstöku leyfi, sbr. 12. gr.

Nánar skal fjallað um verndun gróðurs og dýralífs, fyrirbyggjandi aðgerðir og upprætingu framandi og/eða ágengra tegunda í stjórnunar- og verndaráætlun.

11. gr.

Verndun menningarminja.

Um menningarminjar og vernd þeirra fer skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

12. gr.

Landnotkun og mannvirkjagerð.

Allar athafnir og framkvæmdir, þ.m.t. mannvirkjagerð, jarðrask og aðrar breytingar á svæðinu, sem áhrif kunna að hafa á verndargildi friðlandsins eru háðar leyfi Náttúruverndarstofnunar, sbr. 2. mgr. 40. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, Reykjavíkurborgar, sbr. skipulagslög nr. 123/2010 og lög nr. 160/2010 um mannvirki sem og leyfi landeigenda. Framkvæmdir kunna einnig að vera háðar leyfi Minjastofnunar Íslands, sbr. 11. gr.

Heimilt er að halda við samgöngumannvirkjum, s.s. vegum innan veghelgunarsvæða, án þess að leita þurfi leyfis Náttúruverndarstofnunar svo fremi viðhald hafi ekki neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins en um þær framkvæmdir gilda skipulagslög nr. 123/2010, lög um mannvirki, nr. 160/2010 og eftir atvikum vegalög, nr. 80/2007. Nánar skal fjallað um viðhald mannvirkja í stjórnunar- og verndaráætlun.

Við landnotkun og mannvirkjagerð skal miða að því eins og kostur er að framkvæmdir séu afturkræfar og að þær stuðli að verndun friðlandsins.

Afla skal leyfis Náttúruverndarstofnunar vegna skipulagðra viðburða og verkefna sem kalla á aðstöðu, mannafla eða meðferð tækja s.s. vegna kvikmyndagerðar, listviðburða eða samkomuhalds.

Nánar skal fjallað um landnotkun og mannvirkjagerð þ.m.t. fráveitur og viðhald þeirra í stjórnunar- og verndaráætlun.

13. gr.

Veiði, nýting hlunninda og notkun skotvopna.

Öll meðferð skotvopna er bönnuð innan friðlandsins, nema með leyfi Náttúruverndarstofnunar. Þó er heimilt að veiða mink í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og á vegum viðkomandi sveitarfélags og í samráði við Náttúruverndarstofnun. Náttúruverndarstofnun, í samráði við viðkomandi sveitarfélag, er heimilt að

veita leyfi til veiða framandi ágengra tegunda í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Veiði og notkun skotvopna skal ávallt vera í samræmi við ákvæði laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og stjórnvaldsfyrirmæli.

Nánar skal fjallað um veiði og notkun skotvopna, í stjórnunar- og verndaráætlun.

14. gr.

Viðurlög

Um brot gegn friðlýsingunni fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

15. gr.

Gildistaka.

Friðlýsingin öðlast þegar gildi.

Reykjavík xx.xx.xxxx

Staður, dagsetning

Jóhann Páll Jóhannsson

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



■ Mörk friðlýsingar
★ Borhola Veitna